

## AUGLÝSING

160

7. des.

um breyting á reglugerð nr. 1 2. jan. 1954 um söluskatt.

1. gr.

14. töluliður 6. gr. C reglugerðarinnar orðist svo: Smíði á skipum og bátum.

2. gr.

Í 3. gr. reglugerðarinnar bætist nýr liður, svo hljóðandi:

Tollskrá:

Kafli Nr.

39 A 11 Nótaflotholt úr plasti  
(sbr. auglýsingu ráðuneytisins um niðurfærslu aðflutningsgjalda,  
24. júní 1954).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 7. desember 1954.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## AUGLÝSING

161

27. nóv.

um breyting á reglugerð um notkun pósta frá 25. marz 1925.

Samkvæmt 1. gr. póstlaga, nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð frá 25. marz 1925 um notkun pósta, sbr. og auglýsingu nr. 183/1942 um breyting á sömu reglugerð.

1. gr.

2. málsgr. 8. gr. breytist þannig:

Hámark póstávisana til kaupstaða (Akraness, Akureyrar, Hafnarfjarðar, Húsavíkur, Ísafjarðar, Keflavíkur, Neskaupstaðar, Ólafsfjarðar, Reykjavíkur, Sauðárkróks, Seyðisfjarðar, Siglufjarðar og Vestmannaeyja) er kr. 25000, en til annarra póstaðgreiðslustaða kr. 10000.

2. gr.

1. málsgr. 9. gr. breytist þannig:

Póstkröfur eru kröfur um greiðslu á peningaupphæðum, sem póststjórnin annast innheimtu á. Innheimtu á póstkröfum annast póststofur, póstaðgreiðslur og bréfhirðingar. Hámark póstkröfuupphæðar má vera kr. 25000, ef póstkröfuávisunin á að útborgast í kaupstað (Akranesi, Akureyri, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Keflavík, Neskaupstað, Ólafsfirði, Reykjavík, Sauðárkróki, Seyðisfirði, Siglufirði og Vestmannaeyjum), annars kr. 10000.

3. gr.

5. málsgr. 10. gr. breytist þannig:

Póststofur og póstaðgreiðslur annast póstinnheimtur allt að kr. 25000 fyrir menn búsetta í kaupstöðum (Akranesi, Akureyri, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði,